405. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 12. nóvember 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 17:00.

Mætt:
Auður Kjartansdóttir
Eiríkur Böðvar Rúnarsson
Sigrún Erla Sveinsdóttir, í fjarveru JBJ
Júníana Björg Óttarsdóttir
Jóhanna Jóhannesdóttir
Urszula Zyskowska
Marinó Sigurjónsson, í fjarveru IJJ
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

1) **Menningarnefnd.**
Á fundinn mættu Karítas Bríet Ólafsdóttir, Arnheiður Guðmundsdóttir, Máni Ingólfsson, Rebekka Unnarsdóttir, Margrét Elfa Ólafsdóttir, Sólrún Silja Rúnarsdóttir og Lilja Þorvarðardóttir fyrir menningarnefnd.
Forseti bæjarstjórnar bauð nefndarmenn velkomna og sagði að bæjarstjórn hefði þótt gott að fá þau á fund, sér í lagi þar sem nefndarmenn núna eru flestir nýir og því væri gott að heyra hvað þeim lægi á hjarta varðandi menningarmál í bæjarfélaginu. Menningarnefnd fór yfir það sem er helst á döfinni bæði hvað varðar sýningar og viðburði og skapaðist góð umræða um það. Kom bæjarstjórn inn á það að menningarnefnd væri sjálfstæð í sínum störfum, væri úthlutað ákveðnu fjármagni á hverju ári og gæti úthlutað því að vild.
Var þeim þökkuð koman og véku þau nú af fundi.

2) **Fundargerð 373. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 9. nóvember 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3) **Fundargerð 206. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 31. október 2026.**
Lögð voru fram frekari gögn með lið 4, skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags í Rifi og á Hellissandi, og með lið 5, tillögu að reitum undir fristundabyggð á Hellissandi.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4) **Fundargerð stjórnar Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars, dags. 29. október 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5) **Fundargerð 24. fundar öldungaráðs, dags. 15. október 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

6) **Fundargerð rekstrarnefndar Félagsheimilisins á Lýsuhóli, dags. 16. október 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

7) **Fundargerð menningarnefndar, dags. 12. október 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

8) **Fundargerðir 244. og 245. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 23. júní og 31. ágúst 2026.**
Lagt fram til kynningar.

9) **Fundargerð 1003. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. september 2026.**
Lagt fram til kynningar.

10) **Fundargerð 1005. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. október 2026.**
Lagt fram til kynningar.

11) **Bréf frá bæjarritara, dags. 14. október 2026, varðandi afslátt gatnagerðargjalda.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að halda áfram með þann afslátt sem verið hefur.

12) **Bréf frá bæjarritara, dags. 14. október 2026, varðandi frístundastyrk 2027.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða tillögu um hækkun frístundastyrks í kr. 50.000.- fyrir hvert barn á árinu 2027.

13) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2027. Fyrri umræða.**
Bæjarstjórn fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun 2027 og þær forsendur sem liggja að baki henni.
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2027 til nánari vinnslu í bæjarráði og þaðan til seinni umræðu í bæjarstjórn þann 3. desember n.k.
Vinnufundir verða í lok nóvember og opinn íbúafundur verður haldinn þriðjudaginn 17. nóvember
Bæjarráðsfundur verður haldinn fimmtudaginn 26. nóvember kl. 10:00.

14) **Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2028-2030. Fyrri umræða.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árinu 2028-2030 til síðari umræðu í bæjarstjórn þann 3. desember n.k.

15) **Minnispunktar bæjarstjóra.**
a) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins.
b) Bæjarstjóri sagði frá framkvæmdum á Jaðri.
c) Bæjarstjóri sagði frá skemmtilegum viðburði í grunnskólanum sem hann og forseti bæjarstjórnar mættu á síðastliðinn föstudag. Þar var verið að fjalla um símabann í grunnskólum, en slíkt hefur tíðkast hér í Snæfellsbæ í mörg ár.
d) Bæjarstjóri sagði frá fundi sem hann fór á í vikunni vegna verkefnisins Gott að eldast.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:27

Auður Kjartansdóttir

Eiríkur Böðvar Rúnarsson

Júníana Björg Óttarsdóttir

Sigrún Erla Sveinsdóttir

Jóhanna Jóhannesdóttir

Urszula Zyskowska

Marinó Sigurjónsson

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari